

Ég hef ákveðið að gefa kost á mér í embætti meðstjórnanda Sálfræðingafélagsins.

Hagsmunabaráttu sálfræðinga, auk þess aðgengi og niðurgreiðsla á sálfræðipjónustu tel ég mikilvæg verkefni félagsins. Einnig tel ég þörf á að leiðin að sérfræðiviðurkenningu verði gerð skýr.

Ég útskrifaðist sem sálfræðingur árið 2013 og hef meðal annars starfað sem sálfræðingur á stofu í Danmörku, á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans og sem sálfræðingur á þjónustumiðstöð.

Ég tel að reynsla mín úr einka- og opinbera geiranum muni nýtast mér í embættinu, einnig tel ég að reynsla mín af niðurgreiðslufyrirkomulagi sálfræðipjónustu í Danmörku muni koma til góða í áframhaldandi vinnu við að koma á slíku fyrirkomulagi á Íslandi.

Lilja Magnúsdóttir

